

**Fundarstaður:** Skype-fundur kl. 10:00-11:45 á tíma samkomutakmarkanna vegna COVID-19.

Á fundinn mættu: Signý Ormarsdóttir, Lárus Heiðarsson, Þórhallur Jóhannsson, Jóhann F. Þórhallsson og Ásdís Helga Bjarnadóttir verkefnastjóri. Arna Björg Bjarnadóttir kom inn á fundinn kl. 10:50.

## Dagskrá/minnispunktur:

1. Farið yfir stöðu mála frá síðasta fundi
2. Farið yfir vanhæfi
3. Verklag og vinnubrögð – vinnureglur
4. Tímalína
5. Umsóknir og matþættir
6. Önnur mál

## Fundur settur af formanni

### 1. Verkefnastjóri fór yfir stöðu mála frá síðasta fundi:

- Ákveðið var að færa áætlaðan fund til 8. maí í stað 6. maí, og hafa Samfélagsnefndarfund í framhaldi.
- Staðfestingarbréf barst sveitarstjórn þar sem fram kemur að Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra hafi staðfest skipulagsskrá Samfélagssjóð Fljótisdals þann 18. mars 2020.
- Ríkisskattstjóri staðfesti skráningu Samfélagssjóðsins Fljótisdals í fyrirtækjaskrá með kennitölunni; 560420-0720 þann 16.4.2020. Rekstrarform: Sjálfseignarstofnun með staðfesta skipulagsskrá.
- Auglýst var eftir umsóknum með eftirfarandi hætti. Umsóknafrestur settur 30. apríl:
  - Kynning, úthlutunarreglur og umsóknareyðublað á [www.fljotsdalur.is](http://www.fljotsdalur.is) 8. apríl
  - Kynning með tilvísun í fljótisdalur á heimasíðu Austurbrúar og auglýsing dreifð í gegnum Austurbrú á fésbókinni. Deilt á Fögur framtíði í Fljótisdal, Fljótisdælingar, Bændur á Austurlandi, o.fl.
  - Kynning og auglýsing á Austurfrétt
  - Viðtal/grein í Morgunblaðið og Fréttablaðið í vikunum á eftir (ÁHBj).
  - Viðtal í Bændablaðið (ÁHBj)
  - Viðtal á N4 (ABB)
  - Keypt auglýsing á fésbókinni síðustu tvær vikurnar.
- Stofnaður var reikningur í Sparisjóði Austurlands, þ.e. netreikningur og verðtryggður sparireikningur bundinn til 36 mánaða. Kristinn Bjarnason lögfræðingur og vistunaraðili upphæðarinnar millifærði í framhaldi 70.000.000 kr. á netreikninginn.

- Framkvæmdastjóri Austurbrúar og sveitarstjóri hafa farið yfir samninginn á milli Fljótsdalshrepps og Austurbrú er varðar verkefnasjóðinn/Samfélagssjóðinn, þar sem hann hefur breyst frá undirritun samningsins. Samkomulag liggur fyrir sem á eftir að ganga formlega frá.
- Alls bárust 34 umsóknir þar sem heilarkostnaður verkefna er 107.088.900 kr. og upphæð styrkja sem sótt er um 43.463.050 kr. Í samráði við formann var tekinn út listi yfir umsækjendur og sendur til stjórnarmanna til að kanna vanhæfi þeirra.

## 2. Farið yfir vanhæfi

Stjórn sjóðsins hefur skilað til verkefnastjóra í hvaða umsóknum þeir eru vanhæfir. Munu stjórnarmenn ekki meta þær umsóknir sem þeir eru vanhæfir í og víkja af fundi við meðferð þeirra umsókna. Ljóst er að alltaf getur meirihluti stjórnar farið yfir umsóknir og metið.

## 3. Verklag og vinnubrögð – vinnureglur

Stjórn sjóðsins mun fara yfir umsóknirnar í ár þar sem vanhæfi er mjög takmarkað miðað við umsækjendur styrkjanna. Ef upp kemur vafaatriði verði leitað til fagaðila eins og leyfilegt er í sjóðssamþykktum.

Stjórnarmenn fara yfir umsóknirnar, leggja mat samkvæmt matsskalanum og senda inn sjálfstætt mat til verkefnastjóra sem tekur niðurstöðuna saman. Í framhaldi verður sameiginlega farið yfir niðurstöðuna og ákvörðun tekin um styrkveitingu.

Stjórnarmenn samþykkja tillögu formanns að greitt verði sem svarar tveimur fundum við yfirferð umsókna.

## 4. Tímalína

Tölvupóstur sendur 11. maí á umsækjendur til að upplýsa vinnuferlið framundan.

Stjórnarmenn skila umsögnum sínum til verkefnastjóra 2. júní.

Stjórnarfundur í tengslum við yfirferð umsókna 8. júní í Végarði.

Úthlutun áætluð 10. júní. Athöfn verði í Fljótsdal (Snæfellsstofu) kl. 17:00.

## 5. Umsóknir og matsþættir

Umræða um úthlutunarreglur og vinnubrögð við mat og yfirferð umsókna.

## 6. Önnur mál

Engin önnur mál á dagskrá.

Næsti fundur haldinn í Végarði 8. júní, kl. 10:00.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Ásdís Helga ritaði.